

1243. Stjórnarfundur VR

Haldinn föstudaginn 27. janúar 2023, kl. 13:00 í fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfisdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður í stjórn, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi var Sigurður Sigfússon.

Gestur fundarins var Magnús Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands.

Ragnar Þór Ingólfsson formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Fyrir fundinum lá skjalið „Miðlunartillaga 26.1. 2023 (1)“ til kynningar og umræðu.

Ragnar Þór sagði að boðað hafi verið til fundarins vegna ákvörðunar ríkissáttasemjara að leggja fram miðlunartillögu í deilu Eflingar og Samtaka atvinnulífsins. Fundað hafi verið í miðstjórn Alþýðusambands Íslands í gær [26. janúar 2023] þar sem Magnús Norðdahl, lögfræðingur sambandsins, hafi fjallað um minnisblað lögfræðinga ASÍ um tillöguna. Ragnar Þór kynnti því næst Magnús sem fór yfir minnisblaðið.

Magnús reifaði fyrst innihald ákvæði laga nr. 80 frá 1938, laga um stéttarfélög og vinnudeilur, greinar 27 og 28.

1.mgr. 27. gr. Ef samningaumleitani sáttasemjara bera ekki árangur er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launafólks og atvinnurekenda eða einstakan atvinnurekanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hann ber fram miðlunartillögu.

1.mgr. 28.gr. Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu er taki til fleiri en eins deiluaðila eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum sem miðlunartillagan nær til þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Magnús sagði að eftirfarandi hafi verið skoðun ASÍ og túlkun lögfræðinga sambandsins: „... að sáttasemjara sé ekki heimilt að bera fram miðlunartillögu eða tengja saman atkvæðagreiðslur án samþykkis samningsaðila.“

Magnús sagði að meginreglan hafi verið talin sú að formleg miðlunartillaga sé ekki lögð fram nema aðilar telji að aðrar leiðir hafi verið reyndar til þrautar og er í greinargerð með lögnum minnt á að miðlunartillaga sé neyðarúrræði.

Magnús fór því næst yfir leiðbeinandi skilyrði fyrir því að bera fram miðlunartillögu þar sem atkvæðagreiðsla sé tengd, skv. 28. gr. laganna. Í deilu Eflingar og SA á þessum tímamarki hafi viðræðum verið slitið og atkvæðagreiðsla staðið yfir um hvort boða skuli til verkfalls.

Spurningar og umræður.

Að umræðum loknum þakkaði Ragnar Þór Magnúsi fyrir hans innlegg og yfirtak Magnús fundinn.

Ragnar Þór sagði miðstjórnarfund ASÍ hafa verið sammála um að þetta hafi verið alvarlegt og mikið inngríp ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar og SA. Hann hafi rætt við og fundað með formönnum annarra verkalýðsfélaga sem hafi miklar áhyggjur af stöðunni.

Umræður

Í umræðum var samþykkt að stjórn sendi frá sér ályktun.

Fríða Thoroddsen kom inn á fundinn kl 13:20.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þórir Hilmarsson fóru af fundi um kl. 13:20.

Helga Ingólfssdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Selma Björk Grétarsdóttir fóru af fundi um kl. 13:25.

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Jónas Yngvi Ásgrímsson fóru af fundi um kl.13:40.

Fundi var slitið um kl. 13:45.